

Dagsetningar

Dagsetningar eru ýmist í nefnifalli eða þolfalli.

Hvaða mánaðardagur er í dag?

Í dag er tuttugasti og fyrsti mars.

Í dag er annar október.

Hvenær á hann afmæli?

Hann á afmæli þrítugasta og fyrsta mars.

Hvenær á hún afmæli?

Hún á afmæli tuttugasta og annan maí.

Hvenær kemur hann heim?

Hann kemur átjándan desember.

Hvaða mánaðardagur er í dag?

16. 7.

2. 10.

24. 1.

11. 4.

3. 9.

30. 11.

6. 5.

22. 2.

19. 6.

Hvenær fæddist... ?

Jónas fæddist 22. 10. 1974.

Ásdís fæddist 4. 4. 2003.

Einar fæddist 18. 7. 1996.

Tinna fæddist 12. 1. 2014.

Þór fæddist 30. 12. 1949.

Margrét fæddist 1. 2. 1982.

Atli fæddist 23. 9. 2004.

Hvenær fæddist þú?

Aldir

þrettánda öld

fjórtánda öld

tuttugasta öld

tuttugasta og fyrsta öld

á þrettánda öld

á fjórtánda öld

á tuttugustu öld

á tuttugustu og fyrstu öld

Fræg persóna

Segðu frá frægri persónu. Undirbúðu stutta kynningu heima.

Hvaðan er hann/hún?

Hvenær lifði / fæddist hann/hún?

Hvað gerði hann/hún á æskuárunum? Hvað veist þú um fjölskyldu hans/hennar?

Fyrir hvað er hann/hún fræg(ur)? Hvað eru helstu verkin hans/hennar eða hvað gerði hann/hún merkt? Hlaut hann/hún verðlaun?

Af hverju valdirðu þessa persónu? Af hverju þykir hann/hún þér áhugaverð(ur)?

Particip minulý

- u slabých sloves typu I a II se tvoří dentálním sufixem **-ď-/-d-/-t-** (většinou jako minulý kmen)
- u silných sloves se tvoří suffixem **-in-**
- některá slabá slovesa typu III tvoří particip jako silná, některá jako slabá a některá smíšeně (slabý tvar se vyskytuje před koncovkou, začínající na samohlásku, jinak se použije silný tvar)
- ve slovníku obvykle v zákl. tvaru neutra
- skloňuje se jako silné adjektivum; v roli supina má vždy tvar nominativu sg. neutra (většinou ve spojení se slovesy *hafa* a *geta*)



Hólar

Hólar eru þekktur sögustaður á Íslandi. Þegar Íslendingar voru katólskir (fyrir 1550) voru tveir biskupar í landinu og annar biskupinn sat á Hólum. Á Hólum hefur verið skóli í margar aldir og þar stóð lengi ein stærsta kirkja á Norðurlöndum.


Á Hólum hafa fundist minjar í jörðu og á hverju sumri koma fornleifafræðingar frá ýmsum löndum til þess að stunda þar rannsóknir. Á Þjóðminjasafni Íslands eru líka varðveittir margir munir frá Hólum.

Á miðöldum (um 1200) var líklega um 200 til 300 manna þorp á Hólum, sem var mjög stórt þorp á þeim tíma. Nú er ekkert þorp lengur á Hólum en þar búa venjulega 40–50 manns, oft er þó fleira fólk þar við nám og störf.

Flest þorp á Íslandi eru úti við sjó en Hólar eru inni í dal sem heitir Hjaltadalur. En ekki langt frá Hólum var höfn og þar komu skip með vörur að landi. Hestar voru þá notaðir til að flytja vörur og vegurinn lá í gegnum hlaðið á Hólum.

Á sextánda og sautjándu öld var prentsmiðja á Hólum.

Guðbrandur Þorláksson biskup lét prenta um það bil 100 bækur. Hann lét prenta Biblíuna á íslensku árið 1584, hún var kölluð Guðbrandsbiblía. Það skipti miklu máli fyrir varðveislu íslenskrar tungu að Biblían var þýdd og prentuð svo snemma á íslensku.



Fyrst var Hólaskóli prestaskóli en á 19. öld varð skólinn landbúnaðarskóli. Núna eru þrjár deildir í skólanum á Hólum: ferðamáladeild, fiskeldis- og fiskalíffræðideild og hrossaræktardeild en hrossaræktardeildin er stærst. Hólaskóli er nú háskóli og er í samstarfi við aðra háskóla á Íslandi og erlendis. Íslenski hesturinn sem áður fór í stórum hópum um hlaðið á Hólum sem vinnudýr er nú kjarni skólastarfsins.



Rétt eða rangt?

1. Á Hólum var lítið þorp á miðöldum.
2. Hólar eru við sjó.
3. Guðbrandur lét prenta Biblíuna á latínu.
4. Hólaskóli var fyrst landbúnaðarskóli.
5. Núna eru tvær deildir í skólanum.

geta

Nei, ég get ekki...

Kemur þú á morgun?

Hjálpar þú okkur?

Eldar þú kvöldmat í dag?

Ferð þú í búð með mér núna?

Selur þú okkur bílinn þinn?

Passar þú barnið í dag?

Skrifar þú verkefnið mitt?

Lagar þú tölvuna mína?

Gefur þú mér farmiðann?

Lánar þú okkur peninga?